



Lausar kennarastöður við Grunnskóla Fjallabyggðar

Grunnskóli Fjallabyggðar leitar að liðsauka í frábæran hóp starfsmanna skólans. Leitað er eftir einstaklingum sem eru tilbúnir til að viðhalda og byggja upp öflugt skólasamfélag af dugnaði og atorku samkvæmt gildandi fræðslustefnu, með virðingu, metnað og gleði að leiðarljósi.

Grunnskóli Fjallabyggðar er ríflega 220 nemenda skóli með starfsstöðvar í Ólafsfirði og á Siglufirði. Nánari upplýsingar um skólann má finna á <http://grunnskoli.fjallabyggd.is/>

Nánari upplýsingar um Fjallabyggð er að finna á heimasíðunum www.fjallabyggd.is og www.fagnar.is

Gildi skólasamfélagsins í Fjallabyggð eru: Kraftur – Sköpun – Lífsgleði

MEÐAL KENNSLUGREINA ERU:

- Íþróttir.
- Hönnun og smíði.
- Textílmennt á yngsta- og miðstigi.
- Heimilisfræði á mið- og unglingstigi.
- Umsjón á yngsta – og unglingastigi.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari.
- Reynsla af kennslu í grunnskóla er æskileg.
- Góð kunnátta á notkun tölvu- og stafrænna lausna í skólastarfi.
- Færni í að vinna í teyllum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði, góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund.

Ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst 2024.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi FG og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsókn um starfið skal fylgja starfsferilsskrá og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið ástamt upplýsingum um tvo umsagnaraðila.

Umsóknum skal skila á netfangið asabjork@fjallaskolar.is Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Fjallabyggð áskilur sér rétt til að hætta við ráðningu í einstaka stöðu og/eða auglýsa að nýju.

Upplýsingar um störfin veitir Ása Björk Stefánsdóttir skólastýra Grunnskóla Fjallabyggðar í gegnum netfangið asabjork@fjallaskolar.is eða síma 695-9998.

Umsóknarfrestur er til og með 13. maí 2024